

LISTIR

Sjónþing í Gerðubergi

Laumufarþegi og lykilmaður

Sjónþing í Gerðubergi eru orðin fastur liður í menningarlífi Reykjavíkur. Það er að þessu sinni helgað Kristni G. Harðarsyni myndlistarmanni. Geir Svansson heyrði ofan í stjórnanda og spyrta um viðfang þingsins og væntanleg þingstörf.

HANN er eilíft að setja mann í bobba og ekki nokkur leið að festast í einhverju einu fari þegar maður er að skoða myndirnar hans. Maður verður alltaf að vera tilbúinn að skipta um skoðun og sjá nýja vinkla. Það heldur manni svolítið við, svona krítískt séð, að hafa slíkan listamann í samfélaginu. Þannig kemst Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur að orði aðspurður um myndlistarmanninn Kristin Guðbrand Harðarson en honum er helgað Sjónþing, það 11. í röðinni, sem sett verður á morgun, laugardaginn 5. september, kl. 14 í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Jafnframt sjónþinginu, sem stendur til kl. 17, verða opnaðar sýningar á verkum Kristins. Í Gerðubergi er yfirlitssýning á eldri verkum sem stendur til 25. október en í Gallerí Sævars Karls í Bankastræti verður opnuð sýning á nýjum verkum kl. 17 og stendur til 30. september. Almenníngi gefst þar með, líkt og Aðalsteinn, tækifæri til að komast úr skorðum, við að kynna lífshlaupi og -verki Kristins en hann hefur verið í framfarðasveit listrænna hræringa undanfarna áratugi.

Sjónþingin í Gerðubergi er nánast óþarft að kynna en það fyrsta var sett árið 1996 með umfjöllun um Braga Ásgeirsson myndlistarmann. Þingin eru hugarfóstr Hanneas Sigurðssonar listfræðings. Hann er umsjónarmaður þinganna sem eru samstarfsverkefni Íslensku menningarsamsteypunnar art.is og Gerðubergs. Tilgangur sjónþinga er að „veita persónulega innsýn í feril þekktara íslenskra samtímalistamanna,“ eins og segir í tilkynningu Menningarmiðstöðvarinnar.

Fram til þessa hefur Hanneas stjórnað þingum en nú er gestastjórnandi í hans stað, Hildur Helga Sigurðardóttir blaðamaður. Spyrjar, auk hennar, verða Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur og Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður. Þeirra hlutverk er að spyrja Kristin út úr og koma fram með athugasemdir um líf hans og list, inn á milli þess sem myndlistarmaðurinn fer í gegnum

feril sinn á skyggnum. Áhorfendum er einnig frjálst að tjá sig.

Fjölhæfur listamaður

Kristinn G. Harðarson er fæddur árið 1955 og er einn af þekktari myndlistarmönnum sinnar kynslóðar á Íslandi. Þeim sem fjalla um list hans verður tíðrætt um fjölhæfni Kristins og fjölbreytni í vali á efni og vinnsluáðferðum í verkum. Hann hefur verið kenndur við „uppákomur“, „nýja málverkið“ og „innsetningar“ og útsaum svo eitthvað sé nefnd. Hann hefur ætíð „stefnt í margar áttir“ eins og hann hefur sjálfur sagt. Kristinn varð á sínum tíma fyrir áhrifum af hugmyndum Fluxus-hópsins alþjóðlega sem vildi upphæfja hið hversdagslega, tilviljunarkennda og „ólistræna“ og þaðan kemur ef til vill sú vinnuáðferð að fást við margs konar hugmyndir samtímis.

Aðalsteinn Ingólfsson segist hafa fylgst með Kristni frá upphafi. „Bæði skeptískur og sem aðdáandi. Í upphafi voru viðbrögð mín mjög varfærin og jafnvel neikvæð. Ég skildi ekki alveg hvað hann og hans kynslóð voru að fara með verkum sínum. Þessum hráu óvönduðum verkum; vöndar ljósmyndir, klastursteikningar, þetta allt saman. En smám saman fór ég að skynja og skilja hvað hékk á spýtni. Það sem kannski á endanum snerti mig í verkum Kidda var samspil mynda og orða, þessi persónulegi frásagnarlegi þráður í myndlist hans.“

Kiddi er svo óhræddur við að gera mistök, vera væminn, ófyndinn, klaufskur – að vera mannlegur. Og það er í honum mjög sterk skáldleg æð, hvaðan sem hún kemur. Það er reyndar einkenni á hans kynslóð hvað hún tjáir sig mikið í orði og myndum. Kiddi, Helgi Þorgils, Þorvaldur Þorsteinsson, Hallgrímur Helgason... Ég held jafnvel að menn eins og Kristinn og Helgi séu svolitlir guðfeður þessarar orðsæknunar, málvisu myndlistarkynslóðar.“

Raunverulegur skilningur

Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður er vinur Kristins og sam-



KRISTINN G. Harðarson myndlistarmaður, Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður, Hildur Helga Sigurðardóttir blaðamaður og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

ferðamaður. „Ég hef þekkt Kidda alveg frá því við vorum í listaskóla. Við höfum oft rætt myndlist í gegnum áratugin og þekkjumst vel. Hann vinnur reyndar allt öðru vísi en ég geri en mér finnst ég samt hafa ákveðinn skilning á því sem hann er að gera. Vegna kynna okkar og líka vegna áhuga á myndlist almennt.“

Ingólfur telur sjónþingin mikilvæg ekki síst út frá sjónarhóli myndlistarmanna. „Þó fagmenn fjalli um verk viðkomandi listamanns þá fæst raunverulegur skilningur með því að tala við listamanninn sjálfan. Því hlýtur þetta að teljast nauðugt viðbót að heyra beint frá listamanninum hvað hann er að þæla; það er einnig áhugavert að hans eigin viðmiðanir komist á prent.“

Ingólfur mun að líkindum nálgast Kristin á annan hátt en hin. „Ég hef á tilfinningunni að Aðalsteinn setji þetta í meira listsögulegt samhengi. Sem listamaður ætla ég að reyna að koma því að í umræðunni hvernig maður skilur svona myndir út frá almennum myndlistarlegum forsendum, út frá hugmyndum um komposísjón (uppbyggingu), lit og línu og því um líkt. Ekki út frá merkingarlegum forsendum eða út frá því hvað er verið að segja.“

Hugmynd um komposísjón kemur upp í hugann þegar maður horfir á svona myndlist eins og Kiddi gerir. Í eldri merkingu þess orðs var oft talað um uppbyggingu verks sem ákveðið samræmi líta og forma. Þetta stýðst Kristinn við en inn í hefur bæst að hann kompónerar líka með texta. Hann notar texta og stílbrigði úr listasögunni og huglægur og tilfinningalegar merkingar hluta og hann kompónerar með þetta allt

saman. Tilfinningaleg nálgun við lit á myndfletinum getur breyst vegna nálægðar einhvers orðs. Kompóneringin er því í víðari merkingu heldur en áður.“

Vopn sem duga

Stjórnandi þingsins, Hildur Helga Sigurðardóttir, hefur ákveðnar hugmyndir um sitt hlutverk. „Vonandi tekst að draga það fram í dagsljósið að listamannsferill Kristins er áhugverður bæði frá mannlegu og listrænu sjónarmiði. Það ætti engum að leiðast á þessu sjónþingi. Þarna eru góðir menn í hlutverki spyrja. Kannski verður mitt hlutverk svolítið að draga umræðuna niður á jörðina ef hún sýnir einhver merki um það að verða eins og stjórnlæsi kanadíski loftbelgurinn sem ógnaði flugvélum í íslenskri flughelgi nýverið. Það gekk nú eitthvað illa að skjóta hann niður en vonandi verða fyrir hendi vopn sem duga,“ segir Hildur Helga brosandí.

Sjónarhorn Hildar er án efa mikilvægt í umræðunni. Hún hefur fylgst með ferli Kristins um langt árabíll. „Kristinn er aðeins eldri en ég en vegna þess að við erum af sömu kynslóð þá þekki ég aðeins til hans og þessarar kynslóðar af listamönnum. Maður kom á Suðurgötu 7 og í Nýlistasafnið þegar „uppákomur“ og „gjörningar“ voru upp á sit hressasta. Þetta var mjög frjór tími. Þar var auðvitað misjafn sauður í mörgu fé.“

Sjónþingin eru skemmtileg fyrirbæri og mér finnst það áhugavert nýbreytni hjá Hannei að víkka þetta út með því að fá gestastjórnanda. Umfjöllun um listir vill festast í þröngum hópi og getur virkað frá-

hrindandi á suma. Það er mikilsumvert að opna hugarheim viðkomandi listamanns fyrir almenningi, ekki bara einhverjum hópi sem stendur honum næst. Það er mjög gaman að fara með listamanni í gegnum ferilinn á þennan hátt.“

Beint og umbúðalaust

Aðalsteinn er einnig á því að sjónþingin færi almenning nær listamanninum. „Þó við séum ekki stór þá virðist vera komin einhvers konar fjarlægð milli myndlistarmanna og almennings sem var ekki hérna í gamla daga. Þá þótti sjálfsgætt að banka upp á hjá myndlistarmönnum ef menn vantaði verk eða vildu „diskútera“. Þessu þóra menn ekki í dag. Þessar sýningar og sjónþingin gera fólki kleift að nálgast listamanninn beint og umbúðalaust. Að vissu leyti koma þingin í stað yfirlitssýninga sem segja má að liststofnanir hafi lengi forsómað og ekki sinnt sem skyldi.“

Ég er á því að Kristinn sé lykilmaður í íslenskrri myndlist frá því upp úr 1980, en jafnframt nokkurs konar laumufarþegi líka. Hann er svo hæglátur sjálfur og lítið fyrir að trana sér fram. Hann er að gera hluti sem eru stórmerkilegir þegar maður kemst að þeim og finnur þá. En það er ekki verið að reka þá upp í nefið á manni.

Þessi margræðni sem kemur fram í verkum hans, hvað hann getur haft marga hluti í takinu og gjörólíka í einu er mögnuð. Það er örugglega hægt að reisa á þessum verkum mjög lærðar kenningar í anda póstmódernisma, ef menn vilja. Mig snerta verkin áfturamóti persónulega án þess að maður þurfi að smíða mikið í kringum þau.“

Alvöru blómálfar

KVIKMYNDIR

Regnboginn

FAIRYTALE

★★½

Leikstjóri: Charles Sturridge. Handritshöfundur: Ernie Contreras. Aðalhlutverk: Florence Hoath, Elizabeth Earl, Harvey Keitel, Peter O'Toole. Icon Films. 1997.

„BÖRN búast ekki við neinu en sjá allt,“ segir sjónhverfingamaðurinn frægi Houdini í þessari sannsögulegu mynd um tvær skoskar stúlkur sem tekst að ná ljósmyndum af blómálfum. Þessir litlu heimspekingar hafa engar fyrirfram hugmyndir eins og fullorðnir um hvað sé til og hvað ekki. Börnin trúa því sem þau sjá, en líka stundum því sem þau ímynda sér. Það varð því uppi fótur og fit hvarvetna í heimin-

um í upphafi nítjándu aldar þegar tvær litlar skjáður stálast í ljósmyndavél og mynduðu blómálfana vini sína. Mikið var deilt um hvort myndirnar væru raunverulegar, og sá sem stóð mest með stúlkunum var rithöfundurinn Sir Arthur Conan Doyle sem auðvitað rannsakaði málið eins og sjálfur Sherlock Holmes væri á ferðinni.

Þetta er yndisleg saga og það gefur henni mikið gildi að hún er sannsöguleg. Handritið er skrifað út frá stúlkunum sem umgangast blómálfana daglega í fallegu skógararjór. Þannig ræður fallegt barnshjartað ferðinni og það gefur myndinni hugljúfan blæ. Litlu áhorfendurnir fá líka tækifæri til að skreppa inn í fallegan ævintýraheim, þar sem ævintýrin eru sönn. En börn búa í heimi þar sem fullorðnir ráða og hafa rétt fyrir sér. Þar liggur fallegasti punktur

myndarinnar; bilið á milli veröld barnanna sem trúa með hjartanu og þeirra fullorðnu sem trúa með heilanum. Og þennan mun hefði mátt sýna sterkar fram á í myndinni. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að það er einmitt fullorðið fólk sem gerir myndina, og það gefur raunsæisruglinu í stóra fólkinu of stóran sess og þannig efast ég um að börnin skilji alltaf framvindu mála. Annaðhvort gerir maður mynd fyrir fullorðna eða börn.

Myndin er vel leikin; stúlkurnar eru heillandi og það er gaman að sjá Harvey Keitel sem Houdini, og ekki síður hann Peter O'Toole í hlutverki Sir Arthurs. Tæknibrellur og aðrar tilfæringar eru vel unnar, en herslumuninn vantar á að myndin grípi börnin, sem áttu að hafa mest gaman af.

Hildur Loftsdóttir

Tvær kynslóðir íslenskra listamanna sýna saman á Kjarvalsstöðum

Í KVÖLD kl. 20 verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum sem ber yfirskriftina - 30/60+. Á sýningunni eru leiddar saman tvær kynslóðir íslenskra listamanna, annars vegar listamenn sem komnir eru yfir sextugt og hins vegar ungt fólk, þrítugt og yngra. Í fyrrnefnda hópnum eru þekktir listamenn sem enn vinna af fullum krafti við frjófa listsköpun: Ásgerður Búadóttir, Erró, Guðmunda Andrésdóttir, Jóhann Eyfells, Kristján Davíðsson og Magnús Pálsson. Í hinum hópnum eru ungir og efnilegir listamenn sem mikils er vænst af: Ari Alexander Ergis Magnússon, Ásmundur Ásmundsson, Egill Snæbjörnsson, Erling P.V. Klingenberg, Gabríela K. Friðriksdóttir, Hekla Dögg Jónsdóttir,

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, Hlín Gylfadóttir, Hlynur Hallsson, Hrafnhildur Arnardóttir, Hreinn Stephensen, Margrét Blöndal, Nína Magnúsdóttir, Særun Stefánsdóttir, Valgerður Guðlaugsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Þóróddur Bjarnason og Gjörningaklúbburinn (Dóra Ísleifsdóttir, Elrún Sigurðardóttir, Jóni Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir). Sýningin vekur spurningar um tengsl milli þessara kynslóða, hvort aldur skipti máli, hvort og hversu samfelldan þráð listasagan myndi. Sýningin verður opin almenningi frá og með laugardegi 5. september en lýkur 25. október. Ópið er á Kjarvalsstöðum alla daga frá kl. 10-18, á sunnudögum kl. 16 er leiðsögn um sýningar safnsins.